

## Hlegið saman með Sögu Garðars í Hellisskógi



Það var bros á öllum andlitum þegar Lyfja bauð til uppistands í Hellisskógi nú á dögunum í tilefni af 30 ára afmæli apóteksins. Um 60 manns, jafnt ungir sem aldir, mættu til að hlæja saman og njóta þess að hlýða á Sögu Garðars fara á kostum. Gestum var boðið upp á kaffi og heitt kakó til að ylja sér í snjónum. Markmið viðburðarins var að koma saman, hlæja og njóta útivistar í fallettri náttúru – en hvort tveggja er talið hafa jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Ljósmyndir: Eygló Gísladóttir.

## Stærsti kór landsins lagði land undir fót



Kór Menntaskólans að Laugarvatni fór í keftirminnilega kórferð til Stokkhólms dagana 7.-11. apríl sl. Kórinn, sem telur 113 nemendur og er talinn sá fjölmennasti á landinu, lagði aðallega áherslu á söng í ferð-

inni en naut auðvitað fjölbreyttrar menningar í stórborginni.

Kórfélagar komu fram og sungu á hinum ýmsu stöðum við ólík tækifæri. Á ABBA-safninu söng kórinn fyrir gesti lagið „SOS“

eftir hljómsveitina sjálfa, við góðar undirtektir. Þjóðarstoltið skein skært þegar íslenski þjóðsöngurinn var sunginn af fullum krafti á Sergels-torginu þar sem hljómburðurinn var þess líklegur að bera hljóminn alla leið heim til Íslands. Að lokum voru haldnir opnir tónleikar í S:t Mattheus kyrka sem heppnuðust afar vel.

Ferðin var liður í undirbúningi fyrir vortónleika kórsins sem verða sumardaginn fyrsta, þann 23. apríl í Skálholtskirkju. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á Facebook-síðu kórsins, Kór Menntaskólans að Laugarvatni.

Það er mikil tilhlökkun meðal kórfélaga fyrir tónleikunum þar sem þeir marka endapunkt vetrarstarfsins.

*Metta Malín Bridde,  
nýkjörin ritnefndarformaður  
nemendafélagsins Mímis.*

### Næsta blað Dagskrárinnar

Vegna sumardagsins fyrsta kemur næsta tölublað Dagskrárinnar út miðvikudaginn 22. apríl.

Skil á efni og auglýsingum er fyrir hádegisánmáninginn 20. mars.



## Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi  
fyrirtæki 2020-2025

**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi  
fyrirtæki 2019



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirkinn.is

**ADALSKOÐUN**  
Eyravegur 51, 800 Selfoss  
Sími 590-6996

Fyrir öruggari morgundag,  
komdu í skoðun í dag

## Vor í Árborg og barnmenningardagar Suðurlands

Vor í Árborg hátíðin verður haldin í öllu sveitarfélaginu frá og með síðasta vetrardegi 22. apríl 2026 til og með sunnudagsins 26. apríl. Í ár verða Barnamenningardagur á Suðurlandi sömu daga og því leggjum við sérstaka áherslu á barnmenningu og höldum Barnamenningardaga í Árborg samhliða Vor í Árborg.

Barnamenningardagarnir verða settir formlega 22. apríl klukkan 17.00 í miðbæ Selfoss. Þá verður ljósmyndasýningin „Árborg með augum barna“ formlega opnuð. Auk þess verða dansatriði frá Dansakademíunni, Blásarasveit frá Tónlistarskóla Árnesinga leikur

og nemendur Vallaskóla sýna siguratriði Skálfans 2025.

Síðan færast fjörið inn á Sviðið þar sem veitt verða verðlaun í ljósmynda- ljóða og stuttmyndakeppnum og þar verður einnig flutt söngatriði úr söngkeppni Zelsíuz.

Dagskrá barnmenningardaga er fjölbreytt og má m.a. Nefna myndasýningar leikskólabarna sem verða víðsvegar um sveitarfélagið, Gunnar Helgason í höfundaheimsókn á bókasafninu, opið hús hjá myndlistarfélaginu, barnabarnadag Félags eldri borgara, blómasmiðju í Horninu í miðbæ Selfoss og síðast en ekki síst verður Byggðasafnið með stór-



skemmtilegan viðburð þar sem brunabílar og slökkviliðsbúningar koma við sögu.

Allar nánari upplýsingar um Vor í Árborg og dagskrá barnmenningardaga er að finna á [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

Náttúruleg **Útihúsgögn.is**  
Úti allt árið  
Alvöru tréhúsgögn  
Handsmiðuð Gæðavara

Borðbekkir  
Garðbekkir  
Borðsett 4-12 manna  
Hringborð

- Heimili og sumarhús
- Bæjarfélög og opin svæði
- Fyrirtæki og hótel

info@utihusgogn.is  
Skoðuðu úrvalið



## Ljóð og tónar í Bókakaffinu

FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 16. APRÍL KL. 20:00



**Steinalda** flytur tónverk eftir Guðmund Stein Gunnarsson

**Atli Hardarson** les upp úr nýútkomnum ljóðabýðingum sínum, *Sálarljóðum*



Adgangur ókeypis  
allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

## 46 nemendur tóku þótt á Suðurlandsmóttinu í skák

Suðurlandsmótið í skólaskák fór fram í Félagsheimilinu á Flúðum í fimmtudaginn 9. apríl. Alls tóku 46 nemendur þátt frá 6 skólum af Suðurlandi. Tefldar voru 7 umferðir í þremur flokkum undir góðri stjórn Daða Ómarssonar skákstjóra mótsins. Úrslit voru eftirfarandi:

### 1.-4. bekkur (11 keppendur)

1. sæti Brynjar Logi Sigurjónsson Arndal, Flúðaskóla, 6 vinningar
2. sæti Hákon Orri Scheving Atlason, Flúðaskóla, 6 vinningar
3. sæti Lauri Fannar Hjaltason, Flúðaskóla, 5 vinningar
4. sæti Istvan Bator Jevuczo, Flúðaskóla, 5 vinningar
5. sæti Baldur Vatnar Sigurjónsson Arndal, Flúðaskóla, 4 vinningar

### 5.-7. bekkur (14 keppendur)

1. sæti Jökull Pálsson, Hvolskóla, 7 vinningar
2. sæti Loftur Þorsteinsson, Flúðaskóla, 5 vinningar
3. sæti Kacper Jerzy Sojka, Flúðaskóla, 4,5 vinningar
4. sæti Þorbjörn Óðinn Arnarson, Kerhólsskóla, 4 vinningar
5. sæti Fannar Kristinsson, Flúðaskóla, 4 vinningar

### 8.-10. bekkur (21 keppandi)

1. sæti Magnús Tryggvi Birgisson, Vallaskóla, 5,5 vinningar
2. sæti Unnsteinn Magni Arnarsson, Reykholtsskóla, 5,5 vinningar
3. sæti Davíð Bogi Sigmundsson, Sunnulaekjarskóla, 5,5 vinningar
4. sæti Helgi Fannar Oddsson, Flúðaskóla, 5 vinningar
5. sæti Snorri Ingvarsson, Flúðaskóla, 5 vinningar

Sigurveggarar í hverjum flokki unnu sér inn þátttökurétt á Landsmóti í skólaskák verður haldið í félagsheimilinu í Ólafsvík helgina 9.-10. maí í

samstarfi við Skákfélag Snæfellsbæjar. Við óskum þeim Brynjari, Jökli og Magnúsi góðs gengis á því móti.

Hlekkur á úrslit mótsins má finna með fréttinni inni á DFS.is.





## Sumarstarf í orlofshúsabyggð VR í Miðhúsaskógi

VR leitar að einstaklingi í sumarstarf í orlofshúsabyggð félagsins í Miðhúsaskógi. Um er að ræða starf frá ca. 15. maí - 15. ágúst. Gerð er krafa um bítpróf og æskilegt er að viðkomandi búi í nærumhverfi Miðhúsaskógar.

VR er stærsta stéttarfélag landsins með rúmlega 40.000 félaga og rekur fjölda orlofshúsa víða um land. Í orlofshúsabyggðinni í Miðhúsaskógi eru 27 orlofshús auk tjaldsvæðis fyrir félagsfólk sem opið er yfir sumarmánuðina. Starfsfólk VR í Miðhúsaskógi hefur einnig umsjón með fimm orlofshúsum félagsins í Grímsnesi.

### Helstu verkefni eru:

- Yfirferð á orlofshúsum milli þess sem þau eru í útleigu.
- Umsjón með tjaldsvæði.
- Viðhald á umhverfi orlofshúsanna, m.a. garðsláttur.

### Meðal hæfniskrafna eru:

- Jákvæðni og lipurð í samskiptum.
- Samvirkusemi og dugnaður.

Nánari upplýsingar um félagið og starfsemi þess má finna á [www.vr.is](http://www.vr.is). Nánari upplýsingar um starfið veitir Erling Rúnar, umsjónaraðili orlofshúsabyggðar VR í Miðhúsaskógi, í síma 820-1710.

Vinsamlega sendið umsókn og upplýsingar um menntun og fyrri störf til VR, Kringlunni 7, 103 Reykjavík eða á netfangið [starfsumsokn@vr.is](mailto:starfsumsokn@vr.is). Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2026.

## Ársfundur 2026

Ársfundur Festu Lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, mánudaginn 4. maí 2026 og hefst kl. 18:00.

### Dagskrá fundar:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál

### Í stjórn sjóðsins eru:

Halldór Kristinsson, formaður  
Þór Hreinsson, varaformaður  
Eyrún Jana Sigurðardóttir  
Kristín Magnúsdóttir  
Silja Eyrún Steingrímisdóttir  
Steinþór Skúlason

### Framkvæmdastjóri:

Gylfi Jónasson

	2025	2024
<b>Breytingar á hreinni eign:</b>		
Iðgjöld	18.833	17.884
Lífeyrir	-9.311	-8.427
Hreinar fjárfestingatekjur	17.545	30.777
Rekstrarkostnaður	-501	-470
<b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>26.566</b>	<b>39.764</b>
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b>	<b>319.978</b>	<b>280.214</b>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>	<b>346.544</b>	<b>319.978</b>
<b>Efnahagsreikningur:</b>		
Eignahlutir í félögum og sjóðum	180.522	167.193
Skuldabréf og aðrar fjárfestingar	156.648	143.548
<b>Fjárfestingar</b>	<b>337.169</b>	<b>310.741</b>
Kröfur	2.878	4.617
Innlán og aðrar eignir	6.793	4.817
Viðskiptaskuldir	-296	-197
<b>Annað</b>	<b>9.375</b>	<b>9.237</b>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>	<b>346.544</b>	<b>319.978</b>
<b>Ýmsar kennitölur</b>		
Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar	5,3%	10,6%
Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar	1,5%	5,6%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu fimm ára	1,3%	2,8%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu tíu ára	3,4%	4,1%
Tryggingafræðileg staða	-2,6%	0,2%

\* fjárhæðir í milljónum króna

Ársfundurinn er opin öllum sjóðfélögum en einnig verður hægt að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu meðan á honum stendur. Þeir sjóðfélagar sem hyggjast nýta sér það eru beðnir um að skrá sig á [festa@festa.is](mailto:festa@festa.is) í síðasta lagi kl. 12 á aðalfundardegi og fá þá uppgefna slóð til að tengjast.

### Ávöxtun séreignardeildar 2025

Hrein eign séreignardeildar nam 2.177 milljónum króna í árslok 2025, þ.a. námu eignir sparnaðarleiddar II 1.885 milljónum króna. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiddar I, sem hóf starfsemi á miðju ári 2018, nam 4,6% eða 0,9% í hreina raunávöxtun. Sparnaðarleidd II skilaði 5,4% í hreina nafnávöxtun eða 1,6% í hreina raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sparnaðarleiddar II undanfarin tíu ár er 2,3%.

# Börnin í Hveragerði

Skólafestna Hveragerðisbæjar Ser frá árinu 2022 og því komin til ára sinna. Það verður eitt af forgangsmálum S-listans í bæjarstjórn að setja af stað stefnumótunarvinnu í málefnum barna og ungmenna. Margir þurfa að koma að þeirri vinnu, m.a. börnin sjálf, forráðamenn, kennarar, skólustjórnendur og annað starfsfólk leikskóla og grunnskóla. Þá er æskilegt að starfsfólk frístunda og íþróttatöki virkan þátt í vinnunni sem og allir aðrir sem áhuga hafa.

Góður aðbúnaður og starf með börnum skiptir miklu fyrir hvert sveitarfélag enda erum við þar að leggja grunninn að þróun samfélagsins og velferð íbúanna. Samkvæmt íslenskum lögum bera sveitarfélög ábyrgð á leikskólum, grunnskólum og mörgum þáttum er varða velferð barna. Stefna í málaflokknum þarf að tryggja að Hveragerðisbær uppfylli kröfur í lögum og reglugerðum og að öll börn í bænum fái góða menntun, snemmtækan stuðning og skilvirka þjónustu. Þar eru sett fram markmið til lengri tíma um það hvaða árangri við viljum ná í



**Birgitta Ragnarsdóttir**  
1. sæti S-listans í Hveragerði

KOSNINGAR 2026

námi, kennslu, vellíðan, þroska og félagslegum samskiptum barna.

## Ný stefna þarf að veita innblástur og leiðsögn

Með markvissri stefnumótunarvinnu margra aðila skólasamfélagsins ætti að vera tryggt að tekið sé mið af réttindum barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að hagsmunir þeirra séu alltaf settir í forgang. Stefna í málefnum barna veitir leiðarljós þegar taka þarf ákvarðanir um fjárveitingar, úrræði, starfsþróunarverkefni, þróunarstarf og þjónustustig. Ný stefna þarf að veita innblástur og leiðsögn til allra sem vinna með börnum og ungmennum í Hveragerði. Stefnan þarf að vera eins konar áttaviti sem vísar veginn og leiðbeinir um það hvernig nám, frístundir, íþróttir og listir



**Þorsteinn Hjartarson**  
2. sæti S-listans í Hveragerði

KOSNINGAR 2026

fléttast saman og stuðla að góðri menntun og vellíðan barna. Með skýrri stefnu í þessum málaflokki er auðveldara að leggja mat á hvort settum markmiðum hefur verið náð og hvort vinna þarf umbótaverkefni.

Málefni barna og ungmenna snerta mörg fagsvið, svo sem skóla, skólapijónustu, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu. Ný stefna í málefnum barna þarf að auðvelda það mikilvæga verkefni að samræma samstarf mismunandi fagsviða, einnig íþrótt- og tómstundafélaga. Gott samstarf allra þessara aðila ætti að tryggja heildstæða nálgun og samræmda þjónustu. Frambjóðendur S-listans vilja gera allt sem í þeirra valdi stendur til að börnin í Hveragerði hafi góð skilyrði til að læra, þroskast og líða vel.



## Rækju Taco með heimalöguðu hrásalati

Rakel Magnúsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Salt og pipar eftir smekk



Ég vil byrja á að þakka dóttur minni, Eydísi Lilju, kærlega fyrir tilnefninguna. Þetta er sannur heiður og sýnir vonandi að hún hefur óbilandi trú á mér í eldhúsinu?

En ég verð reyndar að viðurkenna að ég á mjög erfitt með að titla sjálfa mig sem matgæðing, a.m.k. hvað eldamennsku varðar. Ég glugga lítið í uppskriftir, nema einhverjar ægilegar heilsuuppskriftir sem eru sneyddar af öllu sem flestum finnst gott og öll eldamennska mín einkennist af dassi, slatta og þínu mælieiningum þannig að eldamennskan er mjög tilraunakennd. Stundum er útkoman æðisleg, stundum alls ekki – en rétturinn sem ég ætla að deila með ykkur er einn af mínum uppáhalds og klikkar aldrei, sama hvernig slumpað er í uppskriftina. Hann er raunar svo mikið í uppáhaldi að í hvert sinn sem ég ber hann á borð þá langar mig að opna veitingastað til að leyfa öllum að njóta. Að því sögðu þá vil ég biðla til ykkar sem ætlið að prófa að fylgja nákvæmlega leiðbeiningunum um framreiðslu ... það er nefnilega fátt sem pirrar mig meira en þegar einhver af fjölskyldumeðlimum breytir réttinum með því að nota „auka“ sösu eða annað meðlæti – án þess að vera búin að smakka upphaflega réttinn.

## Rækju Taco með heimalöguðu hrásalati, avókadóstöppu, mexíkóosti og chili mæjó

Afþýddu stórar rækjur. Ég kaup þær sem eru ekki með hala. Rækjurnar eru því næst settar í marineringu. Þú getur látið þær standa lengi – en þá verða þær mjög spæsí eða bara steikt þær um leið og gumsíð er komið á:

### Marinerung

Góð olía (avocado- eða ólífu-olía)  
Hvítlaukur, 4-6 rif eftir smekk  
1-2 chili, smátt skorið  
Ferskt engifer, má sleppa  
Siracha-sósa, ef þú vilt hafa þetta almennilega sterkt!

### Hrásalat

Þegar rækjurnar eru komnar í marineringu geri ég hrásalatið og ég mæli með að gera stóran skammt því þetta salat er æðislegt með öllu kjöti, kjúklingi og inn í PÍTUBRAUÐ (hvet ykkur til að prófa það)!

Rauðkál ca. 1 lítill haus  
Gulrætur 4-6 fer eftir stærð  
Rauðlaur ca. 1 stk.

Þetta er saxað smátt ... eða gerðu eins og ég og notaðu matvinnsluvél eða blandaraskál! Blandaðu svo saman sósunni sem inniheldur:

Mæjones, eins mikið og þú vilt  
Sýrðan rjóma, bara smá  
Dijon sinnep (með hunangi ef þú vilt) ca 1 msk  
Eplaedik eða hvítvínsedik, smá slurk  
Hunang, hlynsróp eða good good síróp, bara oggupons  
Salt og pipar

### Avókadóstappa

2 fullkomin avókadó  
2-4 hvítlauksrif  
1-2 lime  
Cummin, salt og chiliflögur  
Ferskt kóríander

Stappaðu avókadóið saman með öllum innihaldsefnum. Smakkaðu til með cummin, salti og chiliflögum og e.t.v. smá fersku kóríander.

### Heildarútkoman

Steiktu rækjurnar á pönnu í 3-5 mínútur eða þar til liturinn breytist.

Hitaðu litlar tortillur í álpappír inni í ofni í ca. 10 mín. á 180 gráðum.

Þá er komið að aðalatriðinu – en það er að raða öllu gúmmelaðinu á litlu pönnuna.

- 1) Chillí mæjó (okkur finnst Gunnars Chillí mæjó best)
  - 2) Hrásalat – ekki spara það!
  - 3) Rækjur, eins mikið og kemst á tortilluna
  - 4) Avókadóstappa
  - 5) Mexíkóostur (rifinn eða í sneiðum eftir smekk og nóg af honum)
- Svo er það bara að NJÓTA!!!

Ég myndi vilja skora á Lindu Dögg Sveinsdóttur að vera næsta matgæðing vikunnar. Hún er húsmóðir af GUÐS náð og ég er sannfærð um að hún muni deila einhverju ægilega góðu með okkur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

## Að halda áfram að gera það sem þú getur

Fyrir stuttu hélt kona nokkur uppá 100 ára afmæli sitt, hver er lykillinn að langlífinu spurði fréttamaður hana? Hún svaraði: „Að halda áfram að gera það sem þú getur.“ Svareð rímar nákvæmlega við það sem fagfólk í málefnum eldra fólks heldur á lofti „endurhæfing til að viðhalda virknigetu eldra fólks“. Eithvað svipað hugsa líklega flestir í hópi þeirra sem komnir eru í 67 plús aldurshópin. Þeir vilja lifa lífinu lifandi, stunda sína hreyfingu, allskonar tómstundastarf, félagslíf og ferðalög, reka sitt heimili, leika við barnabörnin, kannski vinna smávegis og jafnvel fara í framboð til sveitarstjórnar.

### 67 plús hópurinn

Íbúar Árborgar í hópnum 67 plús voru í upphafi árs 2026 rúmlega 1900 talsins eða um 15% af heildar íbúafjölda. Ég tilheyri nú þegar þessum 67 plús hópi og finn að við það breytt sýnin á málefni eldra fólks við það að tilheyra hópnum. Ég ákvað fyrir nokkrum árum að stefna að því að segja upp mínu fasta starfi um leið og ég hefði aldur til og

fyrir tæpu ári síðan steig ég inn í þessa nýju tilveru eftirlaunaþegans og mér finnst hún frábær. Ég hef verið að vinna smávegis sem verktafi í gæðastjórnunarmálum hjá mínum fyrri vinnuveitanda og finnst gaman að halda tengslunum aðeins lengur. Og nú er ég komin í framboð til bæjarstjórnar með skemmtilegum og kraftmiklum hópi fólks úr Viðreisn.

### Heimilið veitir öryggi

Fyrir stuttu las ég grein á vísir.is eftir Margréti Guðnadóttur forstöðumann Miðstöðvar í öldrunarfræðum við Háskóla Íslands. Yfirskrift greinarinnar er „Forgangsröðun í öldrunarþjónustu“ og fannst mér hún einstaklega áhugaverð sem varð til þess að ég settist fyrir framan skjáinn tveimur dögum seinna og fylgdist með ráðstefnu Öldrunarráðs Íslands þar sem Margrét flutti erindi um sama mál. Mér finnst að eftirfarandi tilvitnun í skrif hennar lýsi kjarna málsins: „Hugmyndin um „að eldast heima“ (e. ageing in place) felur í sér að einstaklingar geti búið sem lengst í eigin heimahúsi með viðeigandi stuðningi. Rann-



**Ingunn Guðmundsdóttir**  
5. sæti framboðslista Viðreisnar í Árborgar

KOSNINGAR 2026

sóknir sýna að heimilið veitir öryggi, aukið sjálfræði og betri lífsgæði en stofnanir, sérstaklega fyrir þá sem búa við skerta færni. Fólk þekkir sitt nærumhverfi, sem auðveldar daglegt líf og eykur sjálfstæði. Þessi nálgun krefst þó markvissrar uppbyggingar þjónustu í heimahúsum, þar sem þörfum einstaklinga er mætt á heildrænan hátt.“ Ég tel að sú hugmyndafræði sem Margrét Guðnadóttir er að vinna með og tala fyrir passi nákvæmlega sem framlenging á því starfi sem þegar er verið er að vinna með í Árborg í dag. Við hjá Viðreisn viljum stuðla að áframhaldandi þróun þjónustunnar í þessa átt því við teljum mikilvægt að einstaklingur eigi val um að búa áfram heima þegar getan minnkar með viðeigandi stuðningi í stað þess að fara á stofnun.

## Gáta vikunnar

Sumir hafa í hári sínu, á hafinu sést hún líka. Í hljóðvarpinu einnig er, ég elska konu slíka.

Svar við gátu í blaði 2847: MÁL

1. Íslenskt mál -2. Mál að pissa, Mjaltartíminn kvölds og morgna
3. Mæld stærð - 4. Að taka mál



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [dfs.is](http://dfs.is).  
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).  
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, [saebjorg@dfs.is](mailto:saebjorg@dfs.is).  
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

Prentun: Prentmet Oddi  
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

## Tónlistarveisla í Skálholtsdómkirkju

Vor og tónlist fara einstaklega vel saman – og í Skálholtsdómkirkju lifnar þessi samsetning sannarlega við á næstu vikum. Fram undan er fjölbreytt og glæsilegir tónleikar þar sem kórar, hljómsveitir og listafólk af ólíkum toga stíga á svið í einni fallegustu og hljómfegurstu kirkju landsins.

Dagskráin spannar allt frá barnakórum til öflugra karla-kóra, strengjasveita og alþjóðlegra gospelsónleika. Hér gefst einstakt tækifæri til að upplifa breidd íslensks tónlistarlífs, auk þess að njóta gesta erlendis frá. Hljómburður Skálholtsdómkirkju setur sterkan svip á alla tónleika og skapar hlýlegt og eftirminnilegt andrúmsloft sem laðar fram það besta í hverjum flytjanda.

Sérstaklega má nefna að 23. apríl verður sannkölluð tónlistarhátíð með þremur tónleikum

sama dag, og Barnamenningar-dagurinn 10. maí býður upp á lifandi og fjölskylduvæna dagskrá þar sem gleði og sköpun fá að njóta sín.

Gestum er jafnframt bent á að veitingastaðurinn Hvönn í Skálholti er opinn, og er tilvalið að gera sér glaðan dag – njóta góðrar máltíðar eða kaffis fyrir eða eftir tónleika og lengja þannig upplifunina.

Allir eru hjartanlega velkomnir í Skálholt – hvort sem fólk kemur sérstaklega til að hlýða á tónlist eða gerir sér ferð í góðum félagsskap um þetta merka sögusvæði.

### Listi yfir vortónleika í Skálholtsdómkirkju

#### Apríl

- 18. apríl kl. 20:00 – Karlakór Hreppamanna
- 22. apríl kl. 20:00 – Vörðukórinn

23. apríl kl. 14:00 og kl 16:00 – Kór Menntaskólans að Laugarvatni

23.apríl kl. 20:00 – Kammerkórar frá Suðurlandi

25.apríl kl. 16:00 – Strengjasveitin Spiccato

30.apríl kl. 20:00 – Kór Fjölbautaskóla Suðurlands

#### Maí

- 1. maí kl. 16:00 – Pálmi Sigurhjártarson – útgáfutónleikar
- 2. maí kl. 16:00 – Karlakór Selfoss
- 5. maí kl. 20:00 – Sunnlenskar raddir
- 30. maí kl. 20:00 – Sönderborg Gospel Choir

#### Júní

- 6. júní kl. 16:00 – Kór Nes-kirkju



## Ljóð og tónar í Bókakaffinu

Steinalda og ljóðapýðandinn Atli

Bókakaffið á Selfossi býður upp á einstaka menningardagskrá ljóðlistar og tóna næstkomandi fimmtudagskvöld 16. apríl. Dagskráin hefst klukkan 20 og stendur í um klukkutíma. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Kaffi, kakó og smákökur.

Hljómsveitin Steinalda mun flytja tvö verk í fjórum þáttum eftir Guðmund Stein Gunnars-

son tónskáld, en það eru Hugleiðingar um sorphirðu og hreinlæti og Hugleiðingar um skaðsemi eiturlyfja. Þá mun ljóðapýðandinn Atli Harðarson lesa úr nýútkominni bók sinni Sálarljóð. Atli er prófessor emeritus og fyrrverandi skólameistari Fjölbautaskólans á Akranesi.

Hljómsveitina Steinöldu skipa Þórunn Björnsdóttir (bassablokkflauta og fleira), Steinunn Vala Pálsdóttir (alt-



flauta og fleira), Ásthildur Ákadóttir (wurlitzer rafmagnshljómborð og fleira), Óskar Magnússon (gítar eða gítarle), Guðmundur Steinn Gunnarsson (mandólín, slagverk og fleira), Páll Ivan frá Eiðum (banjó, slagverk og fleira) og Andrés Þór Þorvarðarson (slagverk og fleira).



## Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025-2037 - heildarendurskoðun



Meirihluti bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum þann 9. apríl s.l. tillögu að heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-2037 eftir auglýstan athugasemdafrest í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með tilheyrandi fylgigögnum.

Markmið aðalskipulagsins er að tryggja sem besta samfellu í þróun svæða innan bæjarmarka, svo að nýting og uppbygging innviða geti átt sér stað í takt við fjölgun íbúa, mótun samgöngustefnu ásamt því að veita Breiðumörk sérstaka athygli með rammaskipulagshluta. Aðalskipulag tekur mið af annarri stefnumótun bæjarins sem og Landsskipulagsstefnu og Heimsmarkmiðum SP.

Tillagan var auglýst frá 14. janúar til og með 1. mars 2026. Athugasemdir bárust frá lögbundnum aðilum og almenningi. Viðbrögð kölluðu á óverulegar breytingar á aðalskipulaginu þar sem þær fylgja markmiðum og meginstefnu.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:**

### Sámsstaðabakki - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 16,4 ha svæðis sem gerir ráð fyrir fimm landbúnaðarspildum. Spildurnar eru um 2,5 - 3,4 ha að stærð. Byggingarmagn fer frá 400 m<sup>2</sup> upp í 1.000 m<sup>2</sup> eftir stærð lóðarinnar. Hámarkshæð húsa er allt að 6 m frá botnplötu og þakhalli 0-60 gráður.

**Samkvæmt 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulagi:**

### Móbakki - nýtt deiliskipulag

Tillagan tekur til þriggja byggingarreita úr landi Móbakka, L238089. Á L2 er gert ráð fyrir allt að 500 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi, á L2 er gert ráð fyrir fimm 60 m<sup>2</sup> gestahúsum fyrir allt að 20 gesti en á L1 er gert ráð fyrir 2.000 m<sup>2</sup> reiðhöll og hestaspítala. Hámarks bygginga er 6,5 m en 8,0 m á hestaspítalanum.

### Móbakki - aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagslýsinguinni er verið að afmarka nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) með heimild til fastrar búsetu. Auk þess verður skilgreind samfélagsþjónusta fyrir dýraspítala og verslunar- og þjónustusvæði fyrir gistingu.

Ofangreindar tillögur er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá 13. apríl til og með 25. maí 2026. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra



## Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



### Aðalfundur Skógræktarfélags Selfoss



Aðalfundur Skógræktarfélags Selfoss er miðvikudaginn 22. apríl 2026 kl. 20:00 í Mörkinni (stóra salnum í Grænumörk – gengið inn að austanverðu).

#### Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Hermann Ólafsson mun kynna viðbót við skógræktarsvæðið og aðlögun að nýja suðurlandsveginum.

Allir eru velkomnir.

### Framhalds-aðalfundur



Kaupfélag Árnesinga boðar til framhalds-aðalfundar í Framsóknarhúsinu Eyravegi 15 2.hæð, á Selfossi þriðjudaginn 21. apríl 2026 og hefst fundurinn kl 14:00

#### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkv. samþykktum félagsins.

Stjórn Kaupfélags Árnesinga

## FAGMENNASKA SEM SKILAR SÉR TIL LENGRI TÍMA

Við sérhæfum okkur í

- Þakskiptum og þakviðgerðum
- Uppsetningu á klæðningu
- Rennum og niðurfóllum
- Allri blíkksmiði
- Gluggaskiptum
- Alhliða smíðavinnu og viðhaldi

Hvort sem verkefnið er stórt eða smátt, við mætum með kraft og fagmennsku. Hafðu samband og fáðu frítt og skuldbindingalaust tilboð

867-3941/777-2292

glaxor@gmail.com



# Sóknarfæri í Bláskógabyggð

Við búum í einu af fegursta og gjöfulasta sveitarfélagi landsins, þar sem náttúran, samfélagið og staðsetningin skapa einstök tækifæri til uppbyggingar. Nú er tími til að horfa fram á veginn, vera framsýn og ræða hvernig við nýtum þessi tækifæri af skynsemi, metnaði og samheldni.

Ég er í framboði fyrir Þ-listann í Bláskógabyggð, í 4. sæti, vegna þess að ég tel að við getum gert enn betur fyrir samfélagið okkar. Sýn mín er einföld: að byggja upp sterkt, lifandi samfélag þar sem fólk getur sest að, unnið, alið upp börn, elst og notið lífsins í öruggu og rólegu umhverfi.

Eitt stærsta sóknarfærið felst í því að bjóða upp á fleiri íbúðalóðir til úthlutunar. Með því sköpum við raunveruleg tækifæri fyrir ungt fólk, barnafjölskyldur og alla þá sem vilja byggja sér framtíð í Bláskógabyggð. Staðsetningin okkar er einstök, stutt á Selfoss og höfuðborgarsvæðisins, en samt njótum við kyrrðar, nálægðar við náttúruna og sterkra samfélagstengsla.

Samhliða íbúðauppbyggingu þurfum við að hugsa atvinnulífið til framtíðar. Hér eru tækifæri til að bjóða fyrirtækjum lóðir til uppbyggingar og skapa

fjölbreyttari störf innan sveitarfélagsins. Með markvissri stefnu getum við laðað að fyrirtæki sem falla vel að okkar samfélagi og styrkt þannig atvinnuöryggi og þjónustu.

Þjónusta er lykilatriði í velferð íbúanna. Ég tel það raunhæft og mikilvægt markmið að fá til okkar meiri grunnþjónustu, svo sem dvalarheimili fyrir aldraða, apótek og lágvöruverslun. Slík þjónusta sparar fólki tíma, eykur lífsgæði og gerir Bláskógabyggð enn álitlegri kost fyrir nýja íbúa. Þetta snýst ekki aðeins um þægindi, heldur um jafnræði. og sjálfbærni í daglegu lífi. Eitt stærsta velferðarmálið sem við stöndum frammi fyrir er skortur á dvalarheimili fyrir eldri borgara í Bláskógabyggð. Í dag neyðumst við til að senda íbúa okkar í önnur sveitarfélög þegar þeir þurfa á slíkri þjónustu að halda. Það er staða sem hvorki er mannúðleg né æskileg. Eldra fólk á ekki að þurfa að flytja frá fjölskyldu, vinum og heimabyggð til að fá þá umönnun og þjónustu sem það á rétt á, það væri galið gott að fá þessa þjónustu í heima-byggð. Dvalarheimili í Bláskógabyggð væri ekki aðeins þjónustuúrræði, heldur tákni um virðingu, samfélagslega ábyrgð og langtímahugsun.



Hildur Hálfhána

4. sæti Þ-listans í Bláskógabyggð

KOSNINGAR 2026



Nýr veruleiki vinnumarkaðarins opnar einnig spennandi möguleika. Fjarvinna er orðin hluti af daglegu lífi margra en fáir vilja vinna einir heima alla daga. Hér sé ég mikil sóknarfæri í að útbúa sameiginleg rými þar sem fólk getur unnið fjarvinnu, hitt annað fólk, drukkið kaffi og byggt upp tengsl. Slík rými styrkja samfélagið og draga úr einangrun og skapa líf í kjarna sveitarfélagsins.

Framtíð Bláskógabyggðar byggist á samvinnu, skýrri sýn og hugrekki til að nýta þau tækifæri sem okkur bjóðast. Ég vil leggja mitt af mörkum til þess verkefnis og vinna að uppbyggingu samfélags sem við getum verið stolt af – nú og til framtíðar.

## Samfélag byggt á virðingu og réttlæti

Samhliða íbúðauppbyggingu þurfum við að hugsa atvinnulífið til framtíðar. Hér eru tækifæri til að bjóða fyrirtækjum lóðir til uppbyggingar og skapa

ólíkum sjónarmiðum getum við skapað traust og samstöðu sem er grunnur að farsælli þróun.

Framtíð sveitarfélagsins ræðst af því hvernig við bregðumst við sífelldum breytingum samfélagsins. Ég tel að sveitarfélagið hafi alla burði til þess að mæta breyttri samfélagsmynd og aukinni samfélagsvitund. Við eigum ekki að vera hrædd við að taka skrefið í átt að betri framtíð. Með því að leiða saman ólíka íbúa sveitarfélagsins og virkja krafta þeirra allra getum við eftt samfélagið enn frekar og gert það sterkara til framtíðar.

Við þurfum að halda áfram að rækta þau gildi sem við viljum að einkenni búsetu í hreppnum en um leið vera tilbúin að takast á við breytingar og vinna með þeim. Það er lykilatriði fyrir framtíð okkar allra að við stöndum saman og vinnum með, en ekki gegn hvert öðru. Þessi nálgun þarf að ná til allra, án undantekninga.

#### Virk þátttaka íbúa – forsenda framtíðar

Ég tel að með virkri þátttöku íbúa, opnu samtali og sameiginlegri ábyrgð getum við haldið áfram að byggja upp samfélag sem við getum verið stolt af. En sú uppbygging byggist ekki aðeins á ákvörðunum stjórnvalda heldur líka á ábyrgð hvers og eins okkar. Við sem íbúar þurfum að leggja okkar af mörkum, sýna frumkvæði, styðja hvert



Sandra Gunnarsdóttir

6. sætið á Ö-lista Betri sveitar í Grímsnes- og Grafningshreppi

KOSNINGAR 2026



annað og leggja rækt við jákvætt viðhorf í daglegu lífi. Það er í sameiginlegu átaki sem styrkur samfélagsins birtist, þegar allir taka þátt og leggja sitt af mörkum, stórt sem smátt.

Samfélag sem byggist ekki á útilokun af neinu tagi, heldur samheldni og samvinnu, verður sterkara og heilbrigðara. Með því móti getum við skapað fyrirmyndarsamfélag sem fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög.

Ég býð mig fram með það að leiðarljósi að allir njóti jafnréttis. Ég kem með mikilvæga reynslu úr félagsstörfum og hef unnið með fjölbreyttum hópi fólks með ólíkar skoðanir. Sú reynsla hefur kennt mér mikilvægi samvinnu, virðingar og þess að vinna saman að sameiginlegum markmiðum.

Það er mín einlæga ósk að leggja mitt af mörkum til þessarar þróunar, svo við getum tryggt að Grímsnes- og Grafningshreppur verði áfram góður staður til að lifa, starfa og ala upp komandi kynslóðir eða eldast. Samfélag þar sem ábyrgð, samvinna og virðing fara saman og allir finna að þeir skipti máli.

## Hilmar Guðlaugsson ráðinn afreksþjálfari kvenna hjá handknattleiksdeild Selfoss

Hilmar Guðlaugsson hefur verið ráðinn afreksþjálfari kvenna hjá handknattleiksdeild Selfoss.

Hilmar mun koma inn í þjálfarateymi meistaraflokks kvenna með Eyþóri Lárussyni, auk þess að leiða þjálfarateymi 3. og 4. flokks kvenna.

Hilmar hefur þjálfað handknattleik í tæp þrjátíu ár og býr yfir mikilli og fjölbreyttri reynslu. Hann hefur þjálfað bæði meistaraflokka og yngri flokka, auk þess sem hann hefur komið að þjálfun unglíngalandsliða Íslands.

Hilmar kemur til okkar frá HK, þar sem hann stýrði meistaraflokki kvenna upp í Olisdeildina á nýliðnu tímabili. Þar áður starfaði hann sem þjálfari í Noregi í sex ár.



Eyþór Lárusson þjálfari meistaraflokks kvenna, Hilmar Guðlaugsson nýráðinn afreksþjálfari, Hjörtur Leó Guðjónsson stjórn handknattleiksdeilda og Bertha María Arnarsdóttir stjórn handknattleiksdeilda. Mynd: Aðsend.

Mikil tilhlökkun er hjá handknattleiksdeildinni með komu Hilmars og væntum við mikils af hans störfum.

## Ungt fólk til áhrifa

Samfylkingin mun á næstu dögum og vikum kynna stefnumál flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. Uppleggið er; hvernig léttum við þér lífið?

Það hefur sárlega vantað ungt fólk í framboð til sveitarstjórna. Í síðustu kosningum hefur kosningaþátttaka yngsta kjósendahópsins verið lítil og farið minnkandi. Þegar ég ákvað að gefa kost á mér á lista S og óháðra í Árborg var það til þess að vekja athygli á og berjast fyrir þeim málefnum sem brenna á ungu fólki sem er að fara að stíga sín fyrstu skref út í lífið.

### Setjum þak á leikskólagjöld

Það þarf að treysta ungu fólki til áhrifa. Þar er af nógu að taka og mun ég á næstunni fjalla um þau málefni í greinum sem þessari.

Ég hef átt heima í Árborg frá því að ég var tæplega 3 ára gömul þegar fjölskyldan flutti úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi í Árborg. Skólagangan var Hulduheimar, Vallaskóli og

FSu. Allt mjög góðir skólar þar sem var gott að vera.

Hér er gott að eiga heima og hef notið þess að taka þátt í allskyns tómstundum; fótbolta með UMFS, þátttöku í kór FSu og söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd FSu. Þetta eru forréttindi og hefur mótað mig á vídtækan hátt. Ég vil tryggja að allir hafi aðgang að slíku starfi óháð því hver efnahagur fjölskyldu þeirra er.

Krístún Frostadóttir, forsætisráðherra, komst vel að orði í stefnuræðu sinni á flokksstjórnarfundum Samfylkingarinnar um síðustu helgi þegar hún sagði;

„Íslandi vegnar best þegar við tökum ábyrgð hvert á öðru — þegar réttur og skylda fara hönd í hönd, og allir leggja sitt af mörkum. Þetta er okkar hugmyndafræði: Það sem aðgreinir Samfylkingu og sósíaldemókrata frá öllum öðrum flokkum.“

Í anda orða Krístrúnar þurfum við að létta barnafólki lífið. Þau bera þyngstu byrðarnar í samfélaginu, koma upp fasteign



Elisabet Björgvinsdóttir  
4. sæti á lista Samfylkingarinnar og óháðra í Árborg

KOSNINGAR 2026

fyrir fjölskylduna og börnunum í gegnum skólastigin. Eitt af því sem er mikilvægt að gera og er í stefnuþróun flokksins er að setja þak á leikskólagjöld og taka upp 100% systkinaafslátt. Þá er mikilvægt að lögfesta rétt til leikskólavistar að loknu fæðingarorlofi.

Þá þarf einnig að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla í eitt skipti fyrir öll með samstilltu átaki ríkis og sveitarfélaga. Þannig stöndum við með barnafjölskyldum landsins og léttum undir með þeim í basli hins daglega lífs. Þá eru fríar strætóferðir og ríflegir frístundastyrkir mikilvæg til þess að efla þátttöku í íþróttum og tómstundum, óháð efnahag.

## Heimgreiðslur styðja fjölskylduna

Við höldum áfram að byggja upp viðtæka þjónustu við íbúa í Sveitarfélaginu Árborg. Nýlega var ákveðið að hefja heimgreiðslur til foreldra barna til að auka valmöguleika og úrræði foreldra. Á þetta við tímamót milli fæðingarorlofs og leikskólagöngu og mun styðja foreldra við umönnun barna sem ekki eru komin með leikskólalátt eða eru í vistun hjá dagforeldri.

Þannig stíga bæjaryfirvöld enn eitt jákvætt spor að aukinni þjónustu við íbúa í okkar frá- bæra bæjarfélagi. Er þannig gert ráð fyrir að foreldrar barna á aldrinum 12 – 30 mánaða geti valið um heimgreiðslu að upp- hæð kr. 110.000,- á mánuði þar

sem önnur þjónusta er ekki nýtt.

### Helstu lykilpunktar:

- Upphæð heimgreiðslna er kr.110.000,- og greiðist eftirá, í fyrstu viku næsta mánaðar. Greiðslurnar teljast skattfrjálsar styrkgreiðslur
- Heimgreiðslur eru greiddar í allt að 11 mánuði á ári, að undanskildum júlímánuði
- Skilyrði eru m.a. að foreldrar og barn hafi sama lögheimili í Árborg, að barnið sé með gilda umsókn á leikskóla og að sveitarfélagið niðurgreiði ekki annars staðar fyrir viðkomandi barn
- Umsóknir skulu berast raf-rænt í síðasta lagi 20. dag mánaðar



Bragi Bjarnason  
Bæjarstjóri og oddviti D-listans í Árborg

KOSNINGAR 2026

Reglur þessar tóku gildi 1. apríl 2026 og geta foreldrar sótt um heimgreiðslurnar í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins. Svona styrkjum við stuðningskerfi fjölskyldna og aukum sveigjanleika foreldra á fyrstu árum barns.

Höldum áfram af ábyrgð fyrir Árborg okkar allra – þar sem þú skiptir máli.

## Störf kennara við Þjórsárskóla

Lausar eru til umsóknar eftirfarandi stöður kennara við Þjórsárskóla.

### Stöður:

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Umsjónarkennari á unglíngastigi
- Hönnun og smíði 35%
- Útikennsla 20%
- Heimilisfræði 35%
- Tónmenntakennsla 20%
- Íþrótt- og sundkennsla 80-100%

### Hæfnikröfur:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari / í Med námi.
- Áhugi á að starfa með börnum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Áhugi á skólaþróun.
- Faglegur metnaður.
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Reynsla af teymisvinnu er kostur.
- Mjög góð íslenskukunnátta.

Þjórsárskóli er heildstæður skóli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi með um 65-70 nemendum í 1.-10. bekk. Mikil áhersla er á útinám og að þróa skólastarf sem að kemur til móts við nemendur með einstaklingsbundnum hætti. Skólinn er staðsettur í Árnasi um 30 mínútur frá Selfossi.

Við skólann er verið að byggja fullbúið íþróttahús sem tekið verður í notkun fyrir skólann haustið 2026. Húsið býður upp á fjölbreytta og metnaðarfulla kennslu og spennandi aðstöðu fyrir íþróttakennara. Skólinn er vel búinn hvað varðar aðstöðu í nýju verknámshúsi. Kennsluskylda í umsjón er sveigjanleg og um-sækjendur eru hvattir til að hafa samband við skólastjóra.

Við skólann er mikil útikennsla og áhersla á ferðir og ferðalög. Mikilvægt er að umsækjendur séu tilbúnir til að taka þátt í slíku starfi og best ef að viðkomandi hefur mikinn áhuga á slíku. Við skólann starfar metnaðarfullur mannauður og viljum við bæta við þann góða hóp. Mikilvægt er að umsækjendur séu jákvæðir og góðir í samskiptum.

Öll hvött til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til 24. apríl nk.**

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Finn- bogason, skólastjóri, sími 895 2409 netfang: gudmundur@thjorsarskoli.is Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, prófskríteinum og upplýsingum um fyrri störf sendist í tölvupósti á gudmundur@thjorsarskoli.is.



Þjórsárskóli



# Framfaralistinn býður fram í annað sinn

Nú stýttist í kosningar til sveitarstjórna landsins og í Flóahreppi mun Framfaralistinn bjóða fram í annað sinn.

Framfaralistinn hlaut þrjá fulltrúa kjörna í síðustu kosningum og hefur setið í meirihluta sveitarstjórnar á yfirstandandi kjörtímabili. Samstarf fulltrúa í sveitarstjórn hefur verið afar gott og markvisst hefur verið unnið að því að styrkja rekstur, uppbyggingu og þjónustu sveitarfélagsins.

Rekstur Flóahrepps hefur verið öflugur á kjörtímabilinu og hefur sveitarfélagið skilað jákvæðum rekstrarafgangi hvert ár. Árið 2022 nam afgangurinn tæpum 12 milljónum króna og árið 2024 náðist besti rekstrarangur í sögu sveitarfélagsins, þegar afgangurinn nam 179 milljónum króna. Þetta hefur tekist þrátt fyrir umtalsverðar fjárfestingar í innviðum, þar á meðal í vatnsveitu ásamt því að bæta í þjónustu.

Framkvæmdir og uppbygging innviða hafa verið í brennidepli. Hönnun viðbyggingar við Flóaskóla er á lokastigi og stefnt er að því að hefja framkvæmdir strax í sumar og mun bygging skólahúsnæðis standa yfir á hluta næsta kjörtímabils. Þá er uppbygging íbúðahverfis við Þingborg komin af stað en fyrirhugað er að úthluta fyrstu 20 lóðunum í sumar í nýju, 60 íbúða hverfi sem markar upphaf skipulagðrar þéttbýlismyndunar á vegum sveitarfélagsins sjálfs.

Framfaralistinn hyggst



## Listinn í heild sinni:

1. sæti - Árni Eiríksson, teymisstjóri og oddviti sveitarstjórnar
2. sæti - Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri og sveitarstjórnarfulltrúi
3. sæti - Walter Fannar Kristjánsson, laganemi og sveitarstjórnarfulltrúi
4. sæti - Hrafhildur H. Guðmundsdóttir, reiðkennari og sérfræðingur
5. sæti - Hjalti Guðmundsson, húsasmíðameistari, kennari og sveitarstjórnarfulltrúi
6. sæti - Sveinn Orri Einarsson, vélfræðingur
7. sæti - Sigrún Hrefna Arnardóttir, kjólaflæðskeri og ferðaþjónustubóndi
8. sæti - Sigurjón Reynisson, nemi í rafvirkjun
9. sæti - Helena Hólm, hársnyrtmeistari og ferðaþjónustubóndi
10. sæti - Stefán Geirsson, bóndi

byggja áfram á þessum trausta grunni á komandi kjörtímabili.

Listinn er skipaður fjölbreyttum hópi fólks með viðtæka reynslu og þekkingu, sem

er tilbúið að halda áfram þeirri framfarabraut sem mörkuð hefur verið á undanföllum árum.

Fréttatilkynning frá Framfaralistanum

## Ætlar sveitarfélagið Árborg að kasta tæpum milljarði á haugana?

Í Morgunblaðinu þann 4. ífebrúar sl. kom fram í viðtali við bæjarstjóra Árborgar, Braga Bjarnason, að Sveitarfélagið Árborg væri að rýma leiguíbúðir aldraða að Grænumörk 1 og 3 á Selfossi, þar sem hugmyndin væri að rífa þessi hús og byggja þar 2-3 hæða blokk fyrir aldræða. Að Grænumörk 1 og 3 eru tvö sambyggð hús á einni hæð með alls átta íbúðum í hvorri húsasamstæðu. Þessi hús voru byggð árið 1980 af frumkvæði sveitarfélagsins og hafa íbúðirnir verið leigðar eldri borgurum. Samkvæmt viðtalinu við bæjarstjórnann eru húsin í góðu ásigkomulagi og án allrar myglu.

Hver íbúð er um 50-60 m<sup>2</sup> að grunnfleti og ætla má að verðmæti þessara sextán íbúða sé um 700 milljónir króna, en brunabótamat þeirra er um 650 milljónir. Undanfarið hefur Sveitarfélagið Árborg hækkað alla mögulega skatta upp í hæstu hæðir, eins og t.d. útsvar og ýmsa skatta á fasteignir. Samfara þessu ætlar sveitarfélagið Árborg að rífa tvö hús, sem eru í ágætu standi, með alls sextán íbúðir að verðmæti um 700 milljónir króna og byggja þar



2-3 hæða blokk. Þarna virðist skorta virðingu fyrir eignum sveitarfélagsins og það er ekki verið að fara vel með eignir og þá skattfé bæjarfélagsins með þessum gjörningi.

Þetta eru tvö falleg sambyggð hús á einni hæð og brjóta þau svæðið upp á skemmtilegan hátt þannig að svæðið verður fjölbreyttara og fallelgra. En enn ein blokkin á þessu svæði myndi gera svæðið einsleitara og ekki jafn aðlaðandi. Það er nóg af byggingarlandi í kringum Selfoss. Það er ekki þörf á því að rífa tvö ágæt hús og byggja í staðinn blokk fyrir eldri borgara er snýr að Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Ég held að eldri borgararnir á Sólvangi á Eyrarbakka hafi ekkert lakari öryggiskennd þó þeir sjái ekki Heilbrigðisstofnun Suðurlands út úr stofugluggann sinn.

Ég vona að bæjarfulltrúar falli frá þessari fyrirætlun sinni að fara að rífa tvö ágæt hús að verðmæti um 700 milljónir króna og finni væntanlegri eldri borgara blokk stað á einhverju óbyggðu byggingarlandi Árborgar. Við þurfum ekki að leika sama leikinn og í Reykjavík þar sem framkvæmdir hafa ekki alltaf verið til fyrirmyndar, en þar hafa góð og falleg hús ekki gengið í endurnýjun lífdaga, heldur verið brotin niður eins og pappahús væru og þyrpingar hárra blokka byggðar í staðinn. Ég held að þessi gjörningur sem hér um ræðir, að fara að henda tæpum milljarði á haugana, muni ekki slá einhverjar pólitískar keilur fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar í vor.

Aldís Sigfúsdóttir, verkfræðingur.



Frá hreinsidegi Selfosskirkju í fyrra. Mynd: Aðsend.

## Hreinsunardagur hjá Selfosskirkju

Eins og undanfarin ár verður árlegur hreinsunardagur Selfosskirkju haldinn laugardaginn 25. apríl frá kl. 10 f.h. til kl. 14. Sóknarnefnd og Guðný kirkjuvörður hafa staðið fyrir hreinsunardeginum í nokkur ár með góðri þátttöku fólks á öllum aldri. Það er þakkarvert þegar fólk vill koma og hjálpa til við hreinsun kirkjulóðar og garðs.

Við höfum einnig bent fólki á að nýta gáminn sem verður á staðnum til hreinsunar á leiðum ástvína. Að venju verður boðið uppá hressingu í hádegginu. Á afmælisár kirkjunnar, Kirkjan er 70 ára og Kirkjukórinn 80 ára væri gaman að sjá góða þátttöku og vonandi gott veður.

Björn Ingi Gíslason  
formaður sóknarnefndar

## SÖLURÁÐGJAFI

VATN OG VEITUR, SELFOSSI

Vatn og veitur leita að metnaðarfullum einstaklingi til starfa í verslun á Selfossi. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf hjá ört vaxandi fyrirtæki.

### HELSTU VERKEFNI

- Samskipti við viðskiptavinum útibús
- Gerð sölutilboða til pípulagnaverktaka
- Almenn sölustörf og ráðgjöf til viðskiptavina
- Tiltekt, áfylling og önnur tilfallandi verkefni

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af sölustörfum og/eða pípulagningum
- Sveinspróf í pípulögnum er kostur
- Þjónustulund, frumkvæði og jákvætt viðmót
- Almenn tölvukunnátta

### FRÍÐINDI Í STARFI

- Niðurgreiddur hádegismatur
- Líkamsræktarstyrkur
- Samgöngustyrkur til umhverfsvænna ferðamáta

Vatn og veitur er fyrirtæki innan Fagkaupa. Hjá Fagkaupum starfa rúmlega 300 starfsmenn um allt land. Við hvetjum áhugasama einstaklinga til að sækja um störf óháð kyni, aldri og uppruna. Umsóknarfrestur er út 11. apríl. Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar um starfið veitir Laufey Guðmundsdóttir mannauðssérfræðingur, laufey@fagkaup.is.

SÆKTU UM  
Á ALFRED.IS



# VATN & VEITUR



## Viðsnúningur í rekstri Hveragerðisbæjar á kjörtímabilinu

### Jákvæð og traust rekstrarafkoma ársins 2025 hjá Hveragerðisbæ

Ársreikningur Hveragerðisbæjar fyrir árið 2025, sem var tekinn til fyrri umræðu á bæjarstjórnarfundum í gær 9. apríl, sýnir jákvæða og trausta niðurstöðu og hefur orðið verulegur viðsnúningur í rekstri bæjarins á þessu kjörtímabili sem er að ljúka.

### Nýir tímar og stöðugur rekstur

Á kjörtímabilinu hefur rekstur bæjarins tekið markvissum viðsnúningi. Árið 2023 var reksturinn kominn í jafnvægi eftir að hafa batnað frá árinu 2022. Árið 2024 skilaði reksturinn 169 m.kr. hagnaði og árið 2025 93 m.kr. afgangi.

### Kjörtímabilið 2018-2022 skilaði tapi

Á síðasta kjörtímabili, 2018-2022, skilaði aðeins eitt ár hagnaði, fyrsta árið. Frá árinu 2019 var reksturinn stöðugt í tapi. Þegar nýr meirihluti Okkar Hveragerðis og Framsóknar tók við að loknum kosningum í lok maí 2022 var uppsafnað tap síðustu þriggja ára orðið 516 m.kr. í A- og B-hluta sveitarfélagsins. Þar af var tap ársins 2021 um

366 m.kr., sem var síðasta heila rekstrarár fyrrum meirihluta Sjálfstæðisflokksins.

### Sterkur grunnur til áframhaldandi uppbyggingar

Staðan var því skýr um verkefni nýs meirihluta, nauðsynlegt var að snúa rekstrinum við á sama tíma og mikil uppbyggingarþörf var til staðar í bænum, m.a. í skólamanvirkjum, íþróttastöðu og fráveitu, auk þess að bæta þjónustu við íbúa.

Reksturinn stendur nú á traustum grunni, samhliða umfangsmikilli uppbyggingu innviða. Þetta er árangur markvissrar og ábyrgar fjármála-stjórnar og leggur sterkan grunn að áframhaldandi uppbyggingu í Hveragerði.

*Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, formaður bæjarráðs og bæjarfulltrúi Framsóknar  
Halldór Benjamín Hreinsson, bæjarfulltrúi Framsóknar  
Njörður Sigurðsson, bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis  
Sandra Sigurðardóttir, forseti bæjarstjórnar og bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis.*

## Auglýsing um framboðslista við sveitarstjórnarkosningarnar í Sveitarfélaginu Ölfusi laugardaginn 16.maí 2026



### D-listi Sjálfstæðisflokks

- Grétar Ingi Erlendsson**  
Verkefnastjóri  
Finnsbúð 11, 815 Þorlákshöfn
- Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir**  
Viðskiptafræðingur  
Kröggólfsstaðir 816 Ölfus
- Gestur Þór Kristjánsson**  
Húsasmíðameistari  
Básahraun 45, 815 Þorlákshöfn

- Erla Sif Markúsdóttir**  
Deildarstjóri grunnskóla  
Básahraun 38, 815 Þorlákshöfn

- Guðlaug Einarsdóttir**  
Deildarstjóri grunnskóla  
Skálholtsbraut 11, 815 Þorlákshöfn

- Geir Höskuldsson**  
Byggingatæknifræðingur  
Bær, 816 Ölfus

- Bettý Grímsdóttir**  
Hjúkrunarfræðingur  
Básahraun 29, 815 Þorlákshöfn

- Davíð Arnar Ágústsson**  
Íþróttifræðingur  
Heinaberg 13, 815 Þorlákshöfn

- Ingunn Guðnadóttir**  
Læknanemi  
Básahraun 25, 815 Þorlákshöfn

- Oskar Rybinski**  
Rafvirki  
Haukabergr 3, 815 Þorlákshöfn

- Ólöf Ingibergsdóttir**  
Atvinnurekandi  
Bláengi 6, 816 Ölfus

- Böðvar Guðbjörn Jónsson**  
Fagstjóri gagnapróunar  
Pálsbúð 25, 815 Þorlákshöfn

- Sævar Elí Kjartansson**  
Smiður og þjálfari  
Klettamói 9, 815 Þorlákshöfn

- Ásta Júlía Jónsdóttir**  
Fyrirverandi kennari  
Hjallabraut 8, 815 Þorlákshöfn

### S-listi Samfylkingar og félag

- Gunnsteinn R.Ómarsson**  
Framkvæmdastjóri  
Reykjabraut 22, 815 Þorlákshöfn

- Berglind Friðriksdóttir**  
Sálfræðingur  
Skálholtsbraut 9, 815 Þorlákshöfn

- Pálmi Þór Ásbergsson**  
Aðstoðarforstöðumaður  
Elsugata 19, 815 Þorlákshöfn

- Bryndís Sigurðardóttir**  
Bókari  
Glæsivellir, 816 Ölfus

- Sigurður Freyr Vestmann Sigurvinsson**  
Ráðgjafi  
Eyjahraun 17, 815 Þorlákshöfn

- Sigfús Benóný Harðarson**  
Aðalvarðstjóri hjá ríkislögreglustjóra  
Brynjólfsbúð 16, 815 Þorlákshöfn

- Hrafnhildur Lilja Harðardóttir**  
Sálfræðingur  
Klængsbúð 16, 815 Þorlákshöfn

- Sylwia Dzwoniarska**  
Túlkur og leikskólustarfsmaður  
Sambyggð 16, 815 Þorlákshöfn

- Gunnar Sigurðsson**  
Tölvunarfræðingur og bruggmeistari  
Finnsbúð 16, 815 Þorlákshöfn

- Guðrún Bjarnadóttir**  
Sjálfstætt starfandi  
Lindarbær, 816 Ölfus

- Helga Ósk Gunnsteinsdóttir**  
Læknanemi  
Reykjabraut 22, 815 Þorlákshöfn

- Hannes Gunnarsson**  
Trésmíðameistari og eftirlaunamaður  
Mánabraut 6, 815 Þorlákshöfn

- Hjördís Erlingsdóttir**  
Móttökuritari og fyrirverandi sölustjóri  
Hnjúkamói 8, 815 Þorlákshöfn

- Guðmundur Oddgeirsson**  
Húsasmíðameistari  
Vetrarbraut 35, 815 Þorlákshöfn

Kjörfundur hefst kl 9:00 í Versölum (Ráðhúsinu), Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn og lýkur kl.22:00

Talning atkvæða fer fram á sama stað að kjörfundi loknum.

Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss



### Ljósritunar-pappír

2500  
A4 blöð í  
kassa



Hágæða Svansvottaður 80 gr. ljósritunarpappír úr sænskum nytjaskógum.

**Veittur er góður magnafsláttur - Fáðu tilboð!**

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og Akureyri ef pantaðir eru 10 kassar eða meira

Sími 482 1944 - selfoss@prentmetoddi.is

# Selfoss á leið á Norðurlandamót unglunga í hópfimleikum

Laugardaginn 18. apríl næstkomandi fer fram Norðurlandamót unglunga í hópfimleikum. Mótið fer fram í Sola í Noregi og á Selfoss 2 lið á mótinu, stúlknalið og blandað lið unglunga.

Liðin unnu sér þáttökurétt með því að sigra úrtökumót sem haldið var á vegum Fimleikasambands Íslands í nóvember síðastliðnum.

Liðin hafi undirbúið sig vel síðastliðna mánuði, unnið að nýjum æfingum, fínússað stökkinn sín og lagt mikla vinnu í gólfæfingarnar. Það fylgir því talsverður kostnaður að fara að keppa á móti sem þessu og vilja keppendur nýta tækifærið

og þakka innilega fyrir veittan stuðning, en SET var þeirra stærsti styrktaraðili fyrir þetta mót. Egill Guðjóns ehf, Lágafell verslun og byggingar og Fossvélar veittu þeim einnig góðan styrk, auk íbúa Selfoss og annarra velunnara sem hafa tekið vel á móti þeim í fjáröflunum. Takk!

Þeir sem vilja fylgjast með keppninni og/eða einkunnum í beinu streymi geta fundið upplýsingar um það á [www.selfoss.net/fimleikar](http://www.selfoss.net/fimleikar)



Fimleikadeild Selfoss óskar keppendum og þjálfurum góðrar ferðar og góðs gengis á mótinu - Áfram Selfoss!

Fimleikadeild UMFS



Keppendur frá Fimleikadeild Selfoss á Norðurlandamóti unglunga 2026. Mynd: Aðsend.

## Blandað lið unglunga



## Stúlknalið



## Skrefin til framtíðar í Árborg

D

Linda Björk  
Hilmarsdóttir  
3. sæti D-listans í Árborg



KOSNINGAR 2026

Kæru íbúar Árborgar, ég heiti Linda Björk Hilmarsdóttir og ég býð mig fram til bæjarstjórnar fyrir D-listann í Árborg.

Þessi ákvörðun er tekin af yfirvegum og djúpri ábyrgðartilfinningu, og byggir á einlægum vilja til að leggja mitt af mörkum vegna þess að ég tel að við getum og eigum að taka næsta skref í þróun samfélagsins okkar.

Ég hef um nokkurt skeið unnið að réttindabvaráttu fatlaðra barna, meðal annars út frá eigin reynslu sem foreldri barns með hreyfihömlun og aðrar raskanir. Sú reynsla hefur kennt mér hvað skiptir máli þegar kemur að þjónustu og stuðningi og hversu mikilvægt það er að kerfið sé bæði skýrt og aðgengilegt þegar mest á reynir.

Ég hef einnig starfað við eigin rekstur og kynnst því af eigin raun að árangur krefst ábyrgðar, úthalds og skýrra ákvarðana. Í

dag vinn ég samhliða rekstrinum við að efla fólk og styðja til virka þátttöku í atvinnulífinu í starfsendurhæfingu sé ég með eigin augum hvað gerist þegar fólk fær tækifæri til að vaxa og er metið þeim verðleikum sem við öll búum yfir.

Ég kem með reynslu af ólíkum sviðum en á líka margt eftir ólært og lít ég á það sem styrkleika. Ég treysti mér til að hlusta, framkvæma og taka leiðsögn. En umfram allt treysti ég mér til að standa með fólki og vinna að raunverulegum breytingum í þágu samfélagsins.

Ég vil vera hluti af bæjarstjórn sem:

- Byggir á því sem vel er gert
- Híkar ekki við að bæta það sem þarf
- Setur málefni fjölskyldna, farsæld barna og öflugt atvinnulíf í forgang

Ég býð mig fram fyrir D-listann vegna þess að ég trú á ábyrg vinnubrögð, skynsemi og stöðuga framþróun. Ég vil leggja mitt af mörkum til að tryggja að Árborg haldi áfram að þróast í takt við þarfir íbúanna.

Árborg okkar allra – þar sem þú skiptir máli.

# SILOTITE

## RÚLLUPLASTKYNNING

ÁSAMT
&

Bjóða þér að koma og fræðast um Silotite rúlluplast. Sérfræðingar frá Silotite koma og kynna nýjungar.

**VERSLUN FÓÐURBLÖNDUNNAR HVOLSVELLI**  
Föstudaginn 24. apríl 11:00 - 15:00

FRÆÐSLA • LUKKUPOTTUR • LÉTTAR VEITINGAR

## SKRÁÐU ÞIG OG TAKTU DAGINN FRÁ

SKANNAÐU QR KÓÐANN TIL AÐ SKRÁ ÞIG

www.fodur.is  
fodur@fodur.is

FB Reykjavík  
Kornagarðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64 a  
570 9840

FB Hvolsvöllur  
Dufþaksbraut 1  
570 9850

SENDUM UM ALLT LAND



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR

## ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Grímsnes og Grafningshreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

### Björgunarmiðstöð á Borg

Um er að ræða byggingu 1.135 fermetra (með millilofti), Björgunarmiðstöð á Borg í Grímsnesi. Húsið skal vera límtréshús með steinullareiningum. Athuga skal að húsið skal ekki afhendast verkkaupa fullklárað, heldur eru skil samkvæmt verklýsingu. Tilboð verða opnuð 5. maí 2026.

Verklök eru 20. desember 2026.

Verktaki skal hanna, útvega og reisa yfirbyggingu hússins ásamt brunahólfandi þverveggjum og milligólfi. Húsnæðið skal vera rammabygging úr límtré, með hjúpfleti úr stálklæddum, steinullarfylltum samlokueiningum.


Athuga skal að útlit hússins, lagnir og rafmagn hafa þegar verið hönnuð.

Hægt er að fá útboðsgögn afhent rafrænt með því að senda tölvupóst á ragnar@gogg.is.



Við prentum ljósmyndir  
[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)

SENDUM  
HVERT Á LAND  
SEM ER



## Fjögur ár í nútímasamfélagi

Því er stundum haldið fram að eitt kjörtímabil sé stuttur tími en staðreyndin er sú að í lífi fólks gerist margt og breytist á fjórum árum. Barn sem kláraði leikskóla fyrir fjórum árum er nú á leið í fimmta bekk og fyrir það barn er fjögurra ára bið eftir breytingum stór hluti af æskunni.

Í nútímasamfélagi þróast hlutir á veldishraða. Við erum sitengd, bæði hvort öðru og umheiminum, og von því að hlutir gerist hratt. Breytingar á vinnubrögðum, væntingum og samskiptum sem áður tóku mörg ár, gerast nú á einu kjörtímabili. Tæknin breytir því hvernig við vinnum, hvernig við fáum þjónustu og hvernig við tökum þátt í samfélaginu. Sem dæmi var

gervigreind, sem í dag er hluti af daglegu lífi fólks, fjarstæðukennd hugmynd við upphaf núverandi kjörtímabils.

Fjögur ár eru því langur tími í lífi íbúa og því er óásættanlegt að mál sem hafa verið sett í forgang eða lofuð skili sér ekki í raunverulegri framkvæmd innan þess tíma.

### Framtíðarsýn og framkvæmd

Í sveitarstjórnarmálum dugar skýr framtíðarsýn skammt ef ekki fylgir þor til að framkvæma og skýrir ferlar til að vinna eftir. Það hvernig sveitarfélagið vinnur skiptir máli og hefur úrslitaáhrif á gæði þeirra þjónustu sem veitt er íbúum. Þegar ákvarðanir hafa verið teknar þarf að sjá til þess



Ingimar Guðmundsson

Oddviti D-listans í Hveragerði

KOSNINGAR 2026

málum sé komið í framkvæmd fljótt og örugglega án þess að gæðum sé förnað.

Vinna þarf markvisst að því að gera sveitarfélagið að öflugum vinnustað. Það felst meðal annars í því að bæta starfsumhverfi, skýra verkferla, nýta betur fagþekkingu starfsmanna og innleiða tæknilausnir. Þetta eru atriði sem skila sér í bættri þjónustu og hraðari afgreiðslu

fyrir íbúa. Auk þess tryggja þau að ákvarðanir sem teknar eru verði að veruleika og án óþarfa tafa.

### Þegar tíminn líður án niðurstöðu

Það er mikilvægt að kjörnir fulltrúar geti brugðist hratt við til að tryggja framþróun sveitarfélagsins í takt við hraða samfélagsins. Við höfum ekki alltaf svigrúm til þess að setja lausnir til hliðar í leit að stærrri eða fullkomnari niðurstöðu því þá líður tíminn án raunverulegra framfara. Samfélagið í dag krefst þess að við séum í stöðugri þróun þar sem verkin vinnast hratt og vel.

Fyrir síðustu kosningar snerist umræðan að miklu leyti um uppbyggingu íþróttastöðu eftir

fall Hamarshallarinnar og voru íþróttamál í raun eitt stærsta kosningamálið. Metnaðurinn var mikill og hugmyndirnar stórar en fjórum árum síðar er enn engin aðstaða komin í notkun, aðstaða sem átti að vera klár í lok árs 2022. Verkefnið mjakast áfram en tíminn líður og fyrir íbúa er biðin orðin of löng.

Það er ekki nóg að tala um framtíðarsýn ef framkvæmdin skilar sér ekki. Fjögur ár eru ekki stuttur tími og íbúar eiga að sjá raunverulegar breytingar innan þess tíma. Það kallar á skýr vinnubrögð, skýra forgangsröðun og fyrst og fremst heidarleg skilaboð til íbúa varðandi hvað er raunhæft að gera.

## Lífið í ört vaxandi samfélagi



Ragna Ívarsdóttir

2. sætið á Ö-lista Betri sveitar í Grímsnes- og Grafningshreppi

KOSNINGAR 2026

Það hefur vart farið fram hjá neinum að Grímsnes- og Grafningshreppur er eitt þeirra sveitarfélaga sem hefur vaxið hvað hraðast á Suðurlandi á undanföllum árum. Sú þróun er ekki tilviljun, heldur endurspeglar sterkt aðráttarafið svæðisins. Hér fer saman nálægð við höfuðborgarsvæðið, öflugir innviðir og einstök náttúra, auk þess sem svigrúm hefur verið til frekari uppbyggingar. Þetta

gerir sveitarfélagið eftirsóknarvert fyrir þá sem vilja sameina kyrrð landsbyggðarinnar og aðgengi að þjónustu.

Ég er ein þeirra sem valdi að setjast hér að. Ástæðurnar voru margar: gæði samfélagsins, nálægðin við náttúruna og sú sýn að hér væri blómlegt og vaxandi fjölskyldusamfélag. Hér hef ég byggt upp heimili þar sem umhverfið, víðáttan og kyrrðin skapa sterka og heilbrigða umgjörð um daglegt líf. Þessi lífs-gæði eru þó ekki sjálfgefni heldur byggja á meðvitundum ákvörðunum um þróun samfélagsins.

Fólksfjöldun felur jafnframt í sér áskoranir. Hún kallar á skýra sýn og markvissa uppbyggingu þar sem grunnþjónusta heldur í

við þróunina. Skólamála eru þar í forgrunni, bæði hvað varðar aðstöðu, mönnun og gæði kennslu. Sama á við um íþróttir og tómstundir sem skipta sköpum fyrir velferð barna og ungmenna, sem og velferðarþjónustu sem þarf að þróast samhliða fyrir alla aldurshópa.

Til að mæta þessum þörfum þarf faglega greiningu. Það dugur ekki að bregðast við vandamálum eftir á; mikilvægt er að horfa fram á við og skipuleggja með langtímasýn. Stjórn-sýslan þarf að byggja á gögnum, gagnsæi og virku samráði, þannig að innviðir þróist í takt við raunverulegar aðstæður íbúa.

Jafnræði er lykilatriði. Aðgengi að þjónustu og tækifærum má ekki ráðast af tilviljunum

eða tengslum. Allir íbúar eiga að standa jafnir gagnvart ákvörðunum og njóta sömu réttinda og virðingar. Slíkt er forsenda trausts og heilbrigðs samfélags.

Kjarni samfélagsins er fólkið sjálft. Mannauðurinn er mikilvægasta auðlindin, og raunverulegur mannaður birtist í því hvernig við styðjum hvert annað, nýtum hæfileika okkar og sköpum aðstæður þar sem allir fá að vaxa og taka þátt. Mannauður, samskipti og samkennd eru þau gildi sem móta sterkt samfélag, og traust er þar lykilatriði.

Leiðtogahlutverkið skiptir miklu. Góður leiðtogi leitast við að efla aðra, hlusta og skapa vettvang fyrir opið samtal. Auðmýkt og gagnsæi eru styrkleikar

sem stuðla að betri ákvörðunum og auknu trausti.

Þegar öllu er á botninn hvolft snýst stjórnsýsla um samvinnu. Hún felst í því að „stækka borðið“, tryggja að fleiri fái að taka þátt og upplifi að þeir tilheyri. Samfélag sem byggir á slíkum grunni er bæði sterkara og sjálfbærara til lengri tíma.

Ég trúir að ég hafi valið rétt þegar ég ákvað að búa hér. Ég vil sjá sveitarfélag sem heldur áfram að vaxa á ábyrgan og yfirvegaðan hátt, þar sem allir íbúar finna sig velkomna og framtíðarsýnin er skýr.

Tækifærin eru til staðar. Ábyrgðin er okkar.

Þess vegna býð ég mig fram fyrir Betri sveit – fyrir okkur öll.

## Klárur verkin fyrir börnin og íþróttafólkið okkar



Lárus Jónsson

1. sæti á lista Okkar Hveragerðis

KOSNINGAR 2026



Jónas Guðnason

3. sæti á lista Okkar Hveragerðis

KOSNINGAR 2026

Fyrsta og þriðja sæti á lista Okkar Hveragerðis skipa tveir einstaklingar sem þekkja íþróttalífið í bænum út og inn. Gildi hreyfingar, aga og liðsheildar eru okkur dýrmæt, en reynslan sýnir að bæjarbúar hafa þurft að sýna mikla þolinmæði gagnvart uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Sam foreldrar og virkir þátttakendur í starfi Hamars skiljum við þá tilfinningu mætavel að hafa farið í gegnum tímabil

vonbrigða vegna tafa á framkvæmdum. Lárus er á gólfinu sem hjálpari í körfuknattleik og Jónas gætir hagsmuna félagsins í aðalstjórn sem gjaldkeri. Við vitum nákvæmlega hvar skórinn kreppir.

### Þrautseigja sem vert er að dást að

Á síðustu árum hafa iðkendur, foreldrar og sjálfboðaliðar í Hamri sýnt ótrúlega þrautseigju. Fjöldi iðkenda heldur áfram

að aukast og starfið blómstrar þrátt fyrir takmarkaða aðstöðu. Slíkur kraftur hvetur okkur til að halda ótraud áfram að byggja upp fyrsta flokks íþróttastöðu. Hvergerðingar eiga skilið íþróttastöðu sem er í samræmi við þann mikla metnað sem ríkir innan félagsins.

### Nýir kraftar – sama markmið

Markmiðið með framboði okkar er að tryggja að íþróttamál séu ætíð í öndvegi. Öflug vinna við að rétta við fjárhag bæjarins er forsenda þeirrar uppbyggingar sem nú er hafin. Ráðdeild í rekstri tryggir að Hvergerðingar sjá nú fram á íþróttastöðu sem nýttist öllum greinum og aldurs-hópum.

### Leikskipulagið okkar er skýrt:

- Nýr gervigrasvöllur: Glæslægur völlur í fullri stærð verður tekinn í notkun í vor. Hann mun gjörbreyta aðstöðu knattspyrnufélagsins okkar strax í sumar.
- Nýtt íþróttahús: Uppbygging er hafin og miðar framkvæmdum vel. Allt verður gert til að tryggja að húsið verði tilbúið árið 2027. Um er að ræða fjölnota aðstöðu sem nýttist öllum deildum Hamars, skólastarfi og heilsuefingu eldri borgara.
- Stjórnsýsla sem styður við starfið: Íþróttamál munu heyrja undir nýtt mennta-, menningar- og lýðheilsusvið. Markmiðið er að auka gæði og stytta boðleiðir svo sjálf-

boðaliðar geti einbeitt sér að iðkendunum frekar en pappírsvinnu.

### Lýðheilsa í forgrunni

Íþróttir eru besta forvörnin. Okkar áhersla er metnaðarfull lýðheilsustefna þar sem náttúra og íþróttalíf renna saman í eitt. Sýn okkar felur í sér öfluga hjólreiðamenningu, gerð skynjunargarðs og uppbyggingu útsvæða þar sem íbúar geta notið náttúrunnar.

Við biðjum um ykkar traust til að leiða þessa vinnu. Þið þekkið okkur af vellinum – þið vitið að við erum vanir að klára leikinn.

Gerum þetta saman fyrir Okkar Hveragerði.

# Amma 100 ára - afmæliskveðja



1949. Fyrstu árin bjuggu þau í Reykjavík á Hverfisgötunni.

Skömmu eftir 1950 fékk afi vinnu á Selfossi við Ferðaskrifstofu Kaupfélagsins og fluttu þau þá austur og settust þar að. Lengst af áttu þau heimili á Víðvöllum 11, húsi sem þau byggðu árið 1963. Þar átti ég síðar margar dýrmætar stundir með afa og ömmu.

Amma og afi eignuðust fjögur börn:

- Guðrúna, f. 1950 (mamma)
- Sumarliða (Dengsa), f. 1952
- Hjördísi, f. 1957
- Jón Ara, f. 1965

Amma hefur alla tíð verið ákveðin og fylgin sér, en ekki síður glaðvær, hlý, réttisyn og trygg sínu fólki. Hún starfaði lengst af hjá Mjólkurbú Flóamanna, mest við þrif og veisluhald á vegum þess. Þegar afi féll frá árið 1992 var það auðvitað mikið áfall, enda hafði hún treyst mikið á hann í gegnum tíðina. Sem dæmi um það hafði hún aldrei keyrt og ekki með bílpróf, en hún sýndi ótrúlegan viljastyrk og tók bílprófið 66 ára gömul. Eftir það ók hún um árabíl. Hún vann í mjólkurbúinu allt til 70 ára aldurs og hafði gengið iðulega til vinnu áður en hún fékk bílprófið.

Þann 2. apríl síðastliðinn var stór og merkilegur dagur í okkar fjölskyldu, því amma náði 100 ára aldri. Það er engum gefið að ná slíkum aldri og við fjölskyldan erum óendanlega þakklát fyrir að fá að fagna þessum áfanga með henni en við komum öll saman með henni á föstudaginn langa og áttum afskaplega góðan dag saman.

Amma, Gíslína Sumarliðadóttir, fæddist á Grettisgötunni í Reykjavík 2. apríl 1926. Hún ólst upp á Hverfisgötu 104a, í húsi sem langafi reisti. Hún og afi, Guðbjartur Jónsson, kynntust svo fyrir austan fjall á árunum 1947–1948. Amma hafði þá farið að vinna sem kaupkona á Vorsabæjarhól í Gaulverjabæ, en afi starfaði við mjólkurflutninga fyrir Mjólkurbú Flóamanna. Þau hófu sambúð og giftu sig árið



Amma hefur alla tíð verið heilsuhaus og tileinkað sér hóflegt og heilbrigt líf. Hún fór reglulega í sund og synti mikið og gekk líka talsvert. Vinir mínir frá unglingsárunum trúðu oft varla að hún væri amma mín, svo ungleg og hress sem hún var.

Afkomendur ömmu og afa

eru í dag um 44 talsins og fer fjölgandi. Amma býr nú á Sólvöllum á Eyrarbakka og unnið hag sínum vel, þótt heilsan og minnið hafi farið að gefið eftir í seinni tíð. Hún ber sig samt alltaf vel og er jákvæð og bræðir alla með sínu fallega brosi. Það er aðdáunarvert og amma hefur verið okkur öllum sem fyrir-

mynd og við erum stolt af henni og þakklát fyrir að fá að eiga hana að. Við óskum henni innilega til hamingju með þennan stórkostlega áfanga.

*Með ást og þakklæti – fyrir hönd fjölskyldunnar – Guðbjartur Örn Einarsson (Össi)*

## AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

### Bláskógabyggð, Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlanu:

#### 1. Syðri-Brú L168277; Úr frístundasvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2603066

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. apríl 2026, að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Breytingin felst í afmörkun þriggja svæða fyrir verslun og þjónustu; tveggja svæða í landi Syðri-Brúar og eins í landi Hæðarenda. Stærðir reitanna eru 18.312 m<sup>2</sup>, 15.261 m<sup>2</sup> og 37.398 m<sup>2</sup>. Allir reitirnir eru í nágrenni frístundabyggða, en landeigendur hafa í huga að byggja þar þyrpingar gistiskála til útleigu.

#### 2. Mosató 3 hótél L225133; Skógræktar- og landgræðslusvæði SL6 og reitur VP11; Leiðréttar stærðir og auknið byggingarmagn; Aðalskipulagsbreyting - 2601073

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl 2026, að kynna breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin tekur til skógræktar- og landgræðslusvæðis SL6 og verslunar- og þjónustureits VP11 í landi Hnauss 2. Með tillögunni er lagt til að afmörkun reits VP11 verði skýrð og reiturinn stækkaður um 0,85 ha til norðausturs inn á hluta svæðis SL6, þannig að heildarstærð reitsins verði 3,5 ha, auk þess sem byggingarmagn innan reitsins verði auknið úr 3.700 m<sup>2</sup> í 4.500 m<sup>2</sup>. Jafnframt er lögum syðri fláka íbúðarsvæðis IB17 leiðrétt til samræmis við rétta afmörkun lóðarinnar Mosató 2.

#### 3. Stóri-Háls L170827; Úr landbúnaðarsvæði í skógræktarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2601057

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. apríl 2026 að kynna breytingu á aðalskipulagi sem tekur til Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Með breytingunni verður sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Stóra-Hálsi (L170827) og heimiluð skógrækt á allt að 100 ha.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

#### 4. Einiholt 2 L180525; Skilgreining svæðis, íbúðar- og atvinnuhús; Deiliskipulag - 2512017

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. apríl 2026, að kynna nýtt deiliskipulag eftir kynningu skipulagslýsingar, fyrir íbúðar- og útihús og atvinnustarfsemi á jörðinni Einiholti 2 L180525 í Bláskógabyggð. Á jörðinni er íbúðarhús og útihús þar sem stundað er kjúklingaeldi og einnig er þar flugbraut. Landeigandi hyggst byggja nýtt íbúðarhús með bílskúr, 5 gestahús, hesthús með reiðhöll, flugskýli og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Á núverandi bæjatorfu er fyrirhugað að byggja 2 hús til viðbótar fyrir kjúklingaeldi. Í aðalskipulagi er jörðin skilgreind sem landbúnaðarsvæði og flugbraut. Ekkert deiliskipulag er í gildi á jörðinni.

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga:

#### 5. Ásgarður L168229, Breytt landnotkun; Frístundabyggð í landbúnaðarland; Deiliskipulagsbreyting - 2603034

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. apríl 2026, að auglýsa breytingu deiliskipulags sem tekur til Ásgarðs L168229. Breytingin felst í niðurfellingu Sólbakka úr deiliskipulaginu. Felldar verða niður 11 lóðir við Sólbakka. Skipulagssvæðið minnkar úr 218ha niður í 203ha.

#### 6. Bakkahverfi L236382 (Torfastaðir); Breytt staðsetning lóða og fækkun; Deiliskipulagsbreyting - 2507060

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. apríl 2026, að auglýsa breytingu deiliskipulags sem tekur til Bakkahverfis L236382 í landi Torfastaða. Skilgreindar eru fjórar nýjar frístundahúsalóðir sunnan við þegar stofnaðar lóðir við Eiríksgötu (nr. 13, 13a, 13b og 13c). Einnig er Eiríksgata nr. 12 stækkuð til suðurs um 2.732 m<sup>2</sup>, en byggingarreitur er óbreyttur. Á móti eru felldar niður allar fimm lóðir við Njálsgötu. Heildarfrjöldi frístundahúsalóða innan skipulagssvæðis lækkar því um eina, úr 29 lóðum í 28. Samanlögð stærð frístundahúsalóða er óbreytt fyrir og eftir breytingu. Fallið er frá gerð Njálsgötu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](http://www.utu.is) og á skipulagsgátt [Skipulagsgatt.is](http://Skipulagsgatt.is).

Mál 1. - 4. innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 16. apríl 2026 með athugasemdarfresti til og með 8. maí 2026. Mál 5 og 6 innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 16. apríl 2026 með athugasemdarfresti til og með 29. maí 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is).

Fyrirspurnir má senda á netfang [UTU skipulag@utu.is](mailto:UTU skipulag@utu.is).

Nanna Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

## FUNDIR



## Krabbameinsfélagið

## OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14  
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13  
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16  
Unga fólkíð

Miðvikudagar kl. 11-14  
Opíð hús

Fimmtudagar lokað  
Viðburðir auglýstir sérstaklega á  
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13  
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði  
Karlahöpurinn Smáramir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300  
arnessysla@krabb.is  
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag  
Arnessyslu/Brossið/Smáranir

## AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga. Nýliðafundur hefst 9:30 og AI-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

## AI-Anon Selfossi

AI-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

## AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA opin fundur  
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

## Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krukus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

## AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

## AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

## CoDA

Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

## CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi  
1, Þorlákshöfn  
Mánudaga kl. 19:30.

## Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri  
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

## AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1  
Mánudaga Kl.18 - Konur  
Fimmtudaga Kl.18 -  
Sporafundur - Konur

## ÞJÓNUSTA



## Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

## Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



## BYGGÐA-RAF

## LÖGGILTUR RAFVERKTAKI

Á SUÐURLANDI

Tómas Örn

Sími: 897 2027

tommisnorra@gmail.com



Við prentum  
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

## FÉLAGSSTÖRF



## SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn  
16. apríl kl. 13:00-14:30

## OPIÐ HÚS

Fim. 16. apríl kl. 14:45

## GÖMLU SLAGARARNIR

ANDREA JÓNSDÓTTIR

Kaffihlaðborð kvennfélagsins  
verð 1.500 kr.

## Ábyrgt fólk segir satt og rétt frá

Heilmikil ábyrgð fylgir því það vera kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn og því er mikilvægt að kjörnir fulltrúar vandi til verka, sýni virðingu og segi satt og rétt frá. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið við völd í Sveitarfélaginu Ölfusi frá sveitarstjórnarkosningum 2018. Því miður verður ekki annað sagt en að sá hópur hafi brugðist þeirri ábyrgð í umfjöllun sinni um stöðu sveitarfélagsins fyrir þann tíma.

Í grein í jólablaði Sjálfstæðisfélagsins Ægis árið 2024 var ástandinu í Þorlákshöfn árið 2018 lýst með afar döprum hætti. Þar voru settar fram ósannar og bjagaðar fullyrðingar um botnfrosinn fasteignamarkað, mikinn fjölda eigna í eigu Íbúðalánasjóðs, fækkun íbúa og starfa og veika framtíðartrú. Sennilegt er að þessi frásögn hafi fyrst og fremst átt að hafa áhrif á nýja íbúa sem ekki þekktu forsögu sveitarfélagsins.

Raunveruleg staða árið 2018 var allt önnur. Eftir efnahagshrunið gekk sveitarfélagið í gegnum erfiða tíma, en á árunum 2010–2018 var unnið markvisst að viðsnúningi. Ég starfaði sem bæjarstjóri á árunum 2013–

2018 og tók þátt í þeirri vinnu. Einn af áföngum hennar var öflug kynningarherferð árið 2016 undir slagorðinu „Hamingjan er hér“, sem kom sveitarfélaginu á kortið eftir áralanga stöðnun og styrkti trú á framtíð þess.

Forsenda þeirrar vel ígrunduðu herferðar var að finna varanlega lausn á lyktarmengun frá fiskþurrkunarverksmiðju Lýsis í Þorlákshöfn. Með gagnvirku samtali og samvinnu var ákveðið að starfsemin flyttist vestur fyrir bæinn á nýtt iðnaðarsvæði. Tókst með því að halda fyrir tækinu í sveitarfélaginu, tryggja störf og skapa rými fyrir áframhaldandi uppbyggingu. Þetta var lykilskref í þeirri þróun sem fylgdi í kjölfarið.

Fullyrðingar um að Íbúðalánasjóður hafi átt um 9% af íbúðarhúsnæði í Þorlákshöfn árið 2018 standast heldur ekki. Hlutfallið var hæst á árunum 2013–2015, en hafði lækkað verulega fyrir 2018 í kjölfar sársæls samstarfs sveitarfélagsins og sjóðsins. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn tók við stjórnartaumum var hlutfallið komið niður í um 1%.

Sama á við um íbúafjölda. Samkvæmt opinberum tölum

Gunnsteinn R. Ómarsson

Oddviti S-lista Samfylkingarinnar og félagi í Ölfusi

KOSNINGAR 2026



Hagstofunnar fór íbúum í Þorlákshöfn fjölgandi frá árinu 2015 og í byrjun árs 2018 var íbúafjöldi meiri en nokkru sinni fyrir. Þetta gengur þvert á þá mynd sem dregin var upp í áður nefndri grein og styður heldur ekki fullyrðingar um botnfrosinn fasteignamarkað eða skort á framtíðartrú.

Mér finnst miður að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafi kosið að gera lítið úr þeirri miklu vinnu sem lögð var í uppbyggingu sveitarfélagsins fyrir 2018 og skautað fram hjá fjölbreyttari atvinnuuppbyggingu, stækkun hafnarinnar og tilkomu stórra verkefna á sviði flutninga og matvælaframleiðslu.

Árangurinn sem sjá má í dag í Þorlákshöfn og Ölfusi er af rakstur ábyrga ákvarðana og samvinnu fulltrúa meiri- og minnihluta fyrri ára.

Fólk sem fer áfram af ábyrgð er fólk sem segir satt og rétt frá.

## KIRKJUR

## Skálholtsdómkirkja

Guðsþjónusta annan sunnudag eftir páska kl. 11. Guðmundur Brynjólfsson djákni þjónar og prédikar. Jón Bjarnason dómorganisti leikur undir og leiðir safnaðarsöng. Barnaborðið ávallt á sínum stað. Innilega velkomin.

## Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40b  
Samkoma á sunnudögum kl. 11:00  
English translation available.  
Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00  
Allir innilega velkomnir.

## Guðsþjónusta

Laugardaginn 18. apríl  
klukkan 11:00

Barna og unglingastarf á sama tíma

Safnaðarheimili Sjöundadags  
Aðventista  
Eyravegi 67 - Selfossi

Allir hjartanlega velkomnir

## FUNDIR



## Ljóð vikunnar

ÁNGELA  
Minning

Gagntekin af fegurð  
og litum morgunroðans  
sem engin list getur skapað  
fór hún dag eftir dag  
út á klett við ströndina  
tók fallegar myndir  
og sendi þær  
til vinar síns.  
Síðasta myndin  
eitt skref afturábak  
og engin leið til baka.

Germain Droogenbroodt

Mynd Germain Droogenbroodt

DAGSKRÁIN  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Hægt er að senda inn fréttatilkygningar  
á netfangið dfs@dfs.is

# Hannyrðahornið

## Spider-Man vettlingar

Uppskrift:  
Bobbýjardætur / bobby.is

### STÆRÐIR:

1 – 3 ára og 4 – 6 ára

### GARN:

Alpaca Storm frá Viking 1 dokka í hverjum lit, garnið fæst hjá bobby.is í Hveragerði.

- 1 Blár nr.525
- 1 Rauður nr. 560
- 1 Svartur nr. 503

Eða annað sambærilegt garn.

### PRJÓNFESTA:

22/10

### ÞAÐ SEM ÞARF:

Sokkprjóna/  
crazy trio 3,5  
og 4 mm  
Stoppunál  
til að ganga  
frá endum  
1 prjóna-  
merki

### UPPSKRIFT:

Fitjið laust upp 32 –  
36 lykkjur á sokkprjóna/  
crazy trio 3,5 mm.  
Tengið í hring og prjónið  
stroff 1 slétt 1 brugðin 7 cm  
með bláa litnum.

Eftir stroff er skipt yfir á prjóna  
nr. 4 og prjónuð ein umferð slétt  
með bláa litnum, í þessari umferð  
þarf að

auka út um fjórar lykkjur á stærð 4 – 6  
ára, það þurfa að vera 40 lykkjur í þeirri  
stærð svo mynstrið passi en

í minni stærðinni er ekki bætt við lykkjum.

Skiptið um lit og prjónið mynstur eftir teikningu í  
þeirri stærð sem við á.

### ÞUMALOP:

Notið aukaband til að prjóna þumallykkjurnar á.

Það sést á mynsturteikningu hvar þumallinn á að vera,  
fyrir hægri hönd prjónið 2 lykkjur með  
mynsturlitum, prjónið svo 6 – 7 lykkjur á aukabandið,  
færið lykkjurnar aftur yfir á hægri prjón og prjónið  
mynstur eins og teikning segir.

Á **vinstri** vettling prjónið bandið fyrir þumallinn eins nema

nú þarf að passa að gera ekki vettlingana uppá  
sömu hönd, prjónið þar til að á prjóninum eru 8 – 9 lykkjur,  
prjónið 6 – 7 lykkjur á hjálparband og færið  
lykkjurnar aftur yfir á prjóninn sem þið voruð að prjóna og  
prjónið mynstur eins og teikningin segir.

### ÚRTAKA:

Þegar mynstri lýkur er prjónuð ein umferð  
slétt með rauða litnum áður en farið er í  
að fækka lykkjum.

Lykkjum er fækkað um fjórar lykkjur  
í hverri umferð þar til það eru eftir  
átta lykkjur.

Úrtaka: Prjónið eina lykkju, næstu  
tvær teknar ein í einu yfir á vinstri  
prjón eins og eigi að prjóna þær  
slétt,

prjónið þessar tvær slétt saman.

Prjónið þar til þrjár lykkjur eru  
eftir af prjóninum, prjónið tvær  
lykkjur

saman prjónið síðustu lykkjuna.

Prjónið hinn helming umferð-  
arinnar eins. Takið svona úr í  
hverri umferð

þar til átta lykkjur eru eftir í allt,  
þá er slitið frá og stoppunál  
notuð til að þræða í gegnum  
lykkjurnar, herðið  
saman og gangið vel frá end-  
unum.

### ÞUMALL:

Aukabandið sem var notað  
fyrir þumalopið er fjarlægð  
varlega og lykkjurnar tekur  
upp sitt hvoru megin,  
samtals 12 – 14 lykkjur,  
tengið í hring og prjónið  
með rauða litnum þar  
til að þumallinn er ca  
4 – 5 cm.


Fækkið lykkjum og  
gerið eins og á vett-  
lingnum, þræðið með  
stoppunál í gegnum allar  
lykkjur og herðið að.

### ÞVOTTALEIÐBEININGAR:


Þvoið í höndum í köldu/volgu vatni skolið vel og kreistið  
vatnið úr leggið til þerris.



### MYNSTURTEIKNING - STÆRÐ 1-3 ÁRA



### MYNSTURTEIKNING - STÆRÐ 4-6 ÁRA



### BOBBÝJARDÆTUR

Breiðumörk 13, Hveragerði - Sími 774 2324  
info@bobby.is - www.bobby.is



**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Allar uppskriftir  
Hannyrðahornsins eru  
aðgengilegar inni á DFS.is



Endurmenntun atvinnubílstjóra  
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is



PÚLSINN  
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi  
Viðgerðir · Þjónusta  
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



FÁÐU TILBOÐ  
Í PINN PALL

848 0964 899 0979  
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR  
Fagmennska - Gæði - Áreiðanleiki



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA  
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001  
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is

LAGNALAND  
LAGNALANDS



ÁREIÐANLEGIR  
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi  
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskípti

Bilverk BA

Far sem  
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424  
bilverkba.is

STÍFLULOSUN  
SUÐURLANDS



STÍFLULOSANIR

LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKODANIR

SÓNUM ÚT LAGNIR

LAGNAFÓÐRUN

ROTÞRÆR

FITUGILDRUR

SANDGILDRUR

SKÓLPHREINSISTÖÐVAR

HOLRÆSAHREINSUN

510 1180 - 669 8441

ARATUGA REYNSLA  
OG SÉRÞEKING  
Á FRÁVEITUMÁLUM



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími



VÉLSMIÐJA  
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismíði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

Sprettur  
ÁBURÐUR

Skeljungur  
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri  
GSM: 840 3009

SAGTÆKNI EHF



GÆÐI  
PEKING  
ÞJÓNUSTA

STEYPUSÖGUN  
KJARNABORUN  
MÚRBROT

sími 567 4262

sagtaekni@sagtaekni.is - www.sagtaekni.is

LÖGGILTUR  
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575

800SMIDI@GMAIL.COM



Stíflupjónusta  
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR  
20 ÁRA  
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum  
Myndun lagna  
Rótarskurður o.fl.

NÝTT

Vinnuvélanámskeið  
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is